

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/11429

komudagur 16/4 1996

Akureyri, 12. apríl 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttafélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Iðju félags verksmiðjufólks Akureyri og nágrenni um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni.

Svar Iðju fylgir hér á eftir:

Iðja félag verksmiðjufólks Akureyri og nágrenni mótmælir harðlega því frumvarpi sem lagt hefur verið fram til breytinga á lögum um stéttafélög og vinnudeilur á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins voru í viðræðum um samskiptareglur sín á milli. Iðja harmar þá afstöðu sem fram kemur í téðu frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið er gróf árás á innri málefni stéttafélaga og má þar nefna t.d.

- a) Skilgreining á hvað er stéttafélag.
 - b) Varðar atkvæðagreiðslur um samninga og verkföll.
 - c) Þá eru völd sáttasemjara aukin óeðlilega mikið á kostnað hins almenna félagsmanns.
 - d) Meðferð samningsumboðs
- Og þannig mætti áfram telja.

Greinilegt er að frumvarpið er samið af mikilli vanþekkingu á íslenskum vinnumarkaði og er það miður. Það verður ekki séð að það sé hlutverk ríkisvaldsins að hlutast til um innri starfsemi og skipulag verkalýðsfélaga.

Við hljótum því að krefjast þess að framlagt frumvarp, til breytinga á lögum um stéttafélög og vinnudeilur og lög um sáttastörf í vinnudeilum, verði dregið til baka
NÚ ÞEGAR!

Fh. Iðju félags verksmiðjufólks Akureyri

Þorsteinn Einar Arnórsson

Þorsteinn Einar Arnórsson